



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Austurborg

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Vil, Get og Kann	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat deilda	6
Kattholt (4-6 ára)	6
Ólátagarður (3-4 ára)	9
Putaland (1-2 ára)	13
5 deildin/ verkefnastjórar	17
3 Ytra mat	20
4 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	21
5 Áætlun um símenntun	21
6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	21
7 Foreldrasamvinna	23
8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
9 Fylgigögn	24
9.1 Fylgiskjal 1 – um starfsáætlanir leikskóla og umsögn foreldraráðs	24



Leiðarljós leikskólans: Vil, Get og Kann

Við höfum trú á að öll börn vilji, geti og kunni ef þau fá tækifæri til að gera hlutina sjálf/eða með aðstoð kennara. Kennarar verða alltaf að hafa þessi leiðarljós í huga við nám og leik barnanna.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2019-20 einkenndist af miklum breytingum og óvæntum atburðum sem gerðu það að verkum að á köflum var mjög erfitt að halda öllu starfi gangandi. Í byrjun skólaárs stóðu framkvæmdir í húsi leikskólans enn yfir og voru langt á eftir áætlun sem reynt var eftir bestu getu að vinna í kringum. Að því sögðu þurftu tvær deildar að vera tímabundið í sal leikskólans og nýta salernisaðstöðu með næstu deild. Þegar deildir leikskólans voru tilbúnar var farið í framkvæmdir í sal leikskólans sem útilokaði skipulagt starf í honum. Starfsmannaklósett voru tekin í gegn og tók það langan tíma og lengi vel voru aðeins tvö starfsmannaklósett sem reyndist mjög illa þar sem eina aðkoman var með því móti að hlaupa út til að komast að þeim þar sem takmarkað aðgengi var um húsið. Starfsfólk kom um helgar til að færa til og flytja húsgögn til að flýta fyrir framkvæmdum þar sem ekki var talið viðeigandi að vera að færa til deildar á opnunartíma leikskólans. Loks þegar mestu framkvæmdirnar voru búnar voru allir mjög sáttir og ánægðir. Hefði ekki tekist svona vel nema með umburðarlyndi og jákvæði starfsmanna.


Aðlögun barna gekk að vonum vel. Á yngstu deildinni dróst aðlögunin þó nokkuð fram í haustið þar sem við fengum nokkur eins árs börn sem þurftu að vera mikið á handlegg. En þegar leið á veturinn féll allt í góðan farveg og börn og starfsmenn náðu að njóta sín.

Smávægileg starfsmannavelta var í byrjun skólaárs. Verkefnastjórinn okkar ákvað að færa sig í grunnskóla sem umsjónakennari hjá yngstu börnum. Fimm starfsmenn hættu um haustið til að fara í nám og einn starfsmaður fór í fæðingarorlof. Við réðum inn fimm starfsmenn í þeirra stað. Þegar leið á seinni helming skólaárs ákvað annar starfsmaður að hætta til að undirbúa sig fyrir inntökupróf í læknisfræði og í lok skólaárs ákvað annar verkefnastjórinn okkar sem sá um leikur að læra stundirnar okkar að færa sig um set og prófa annan leikskóla. Eins og sjá má þá voru miklar starfsmannabreytingar og þurftum við að leggja áherslu á mannauðinn okkar og halda vel utan um nýja starfsmenn. Við vorum svo heppin að ráða til okkar áhugasama starfsmenn þó svo að margir væri ungir að koma úr skóla og óreyndir leikskólastarfi.

Fimm starfsmenn, þar af þrír deildarstjórar og verkefnastjóri, voru í fjarnámi við HÍ í leikskólakennaranámi og þurftu þau að fara 4x um veturinn í vikunnilotur og í 4-5 vikur í vettvangsnám á annan leikskóla á vorönninni. Það var auka álag að missa þá úr starfinu, en við viljum leggja okkur fram um að fjölga leikskólakennurum.

Það sem einkenndi starfsmannahópinn þennan vetur var sú ánægjulega staðreynd að hafa karlmenn starfandi við leikskólann. Staðblærinn í skólanum breyttist þó nokkuð til batnaðar þó svo að sumum fyndist nóg um fótboltaumræðu á kaffistofunni, en strákunum fannst það ekki leiðinlegt. Þeir héldu þétt um hópinn sinn með sér strákakvöldum ásamt því að taka þátt í sameiginlegu skemmtinefndarfjöri leikskólans.





Þrír nemar voru hjá okkur í vetur frá menntavísindasviði Háskóla Íslands sem stóðu sig mjög vel. Ásamt því vorum við með einn nema frá Borgarholtsskóla og annan í starfstengdu námi frá grunnskóla, Réttarholtsskóla. Þessi samvinna við námsstofnanir hefur gefið mikið til leikskólans og eflir okkur í símenntun.

Úr þróunar- og nýsköpunarsjóði „Látum drauma rætast“ fékk leikskólinn fékk úthlutað úr A - hluta styrk fyrir skólaárið 2019-2020 sem kom vel að gagni, en hann var nýttur í aðbúnað og efnivið verkefnastjóra. Keyptum við meðal annars jóganámskeið í Svíþjóð, jógaðýnur og ýmsan efnivið fyrir LAL (Leikur að læra) kennslu. Leikskólinn sótti um áframhaldandi styrk úr A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs vegna innleiðingar menntastefnu Reykjavíkur skólaárið 2020-2021 með svipaðar áherslur og síðasta vetur. Einnig sóttum við um í B - hluta styrk þar sem unnið er með stærri samstarfsverkefni og gerð krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga s.s. á milli skólastiga. Við teljum okkur eiga brýnt erindi í þann styrk þar sem við erum að byrja í samstarfsverkefni við Háaleitisskóla/Hvassó í haust með verkefnið sögurammi. Þar sem elstu börn leikskólans munu vinna verkefnið með fyrsta bekk með góðu utnumhaldi og skipulagi. Unnið verður áfram út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar og það sem við munum beina sjónum okkar að er heilbrigði og sjálfsefning sem mun endurspeglast í starfi okkar út frá Jóga, útikennslu, Leikur að læra og vináttuverkefni Blæ.

Þegar leið á seinni helming skólaárs byrjaði stéttarfélagið Efling að ýta undir verkfall. Því miður náðist ekki samkomulag Eflingar við Reykjavíkurborg og formlegt verkfall byrjaði 4. febrúar 2020 og stóð alveg til 10. mars 2020. Talsverður fjöldi starfsmanna í leikskólanum er í Eflingu en um átján starfsmenn fóru í verkfall sem skerti talsvert starfsemi leikskólans. Að jafnaði var aðeins hægt að bjóða helmingi barna vistun þetta tímabil. Stéttarfélagið Sameyki sem nokkrir starfsmenn leikskólans eru í fór einnig í undirbúningsvinnu fyrir verkfall. Mikil gleði ríkti þegar samningar Sameykis og Reykjavíkurborgar náðust og enn meiri gleði þegar Efling skrifaði undir samninga um viku seinna.

Skipulagt starf var rétt svo komið af stað eftir verkfall áður en heimsfaraldurinn Covid-19 skall á með talsverðum takmörkunum á skólastarfið. Starfsmenn leikskóla voru skilgreindir sem starfsmenn á víglínu og því mikil ábyrgð sett á okkur til að halda leikskólanum opnum. Vegna takmarkana og til að minnka smithættu var aðeins hægt að bjóða helmingi barna vistun og starfsmenn unnu á tvöföldum vöktum á meðan Covid-19 ástandið stóð sem hæðst yfir. Ofan á allt bættist á auka þrif og sótthreinsa þurfti hvert rými eftir notkun sem reyndist mjög lýjandi. Skerðing var á opnun leikskólans til að gefa starfsmönnum ráðrúm til sóttvarna.

Vorið 2019 var ákveðið að kaupa mat frá Matartímanum en hann er vörumerki í eigu Sölufélags garðyrkjumanna, en þeir eru með rammisamning við Reykjavíkurborg fyrir þessa þjónustu. Ákveðið var að ráða inn starfsmann af okkar hálfu sem sér alfarið um eldhúsið og erum við mjög ánægð með matráð okkar.

Við ætluðum okkur að taka þátt í Barnamenningarhátíðinni í Hörpu en þar eru haldnir sameiginlegir tónleikar leikskólabarna sem er samstarfsverkefni með Tónskóla Sigursveins. Því miður, vegna Covid-19, þurfti að hætta við þessa skemmtilegu hátíð þetta skólaár og margir miður sín vegna þess en við mætum sterk til leiks næsta skólaár.

Jólagjafir barnanna vöktu verðskuldaða athygli eins og undanfarin ár, en hvert og eitt barn að undanskyldu yngstu börnum skólans er tekið á eintal og spurt hvað það vill gefa foreldrum sínum í jólagjöf. Þessi viðtöl voru öll skráð ásamt ferlinu við hönnun gjafanna og fengu foreldrar skráningarbók með hverri gjöf. Hefur þetta fyrirkomulag gefist vel og er foreldrum og börnum tilhlökkunarefni og stór liður í lýðræðisþátttöku barna.

Starfsdagar leikskólans voru fimm talsins en sjötti starfsdagurinn verður fluttur yfir á næsta skólaár vegna Covid-19. Á fyrsta starfsdegi haustsins fór starfsfólk að vinna saman inn á deildum til að samræma áherslur vetrarins og svo var tekið þátt í hópefli sem var skipulagt af skemmtinefnd Austurborgar. Starfsdagar vetrarins voru einnig nýttir undir fyrirlestra. Ásgeir Jónsson hjá Takmarkalaust Líf kom til okkar og hélt fyrirlestur um jákvæðni og viðhorf þar sem allir starfsmenn gátu endurspeglad sig í efninu. Einnig voru starfsdagar vetrarins nýttir í undirbúning vegna álagstengdrar vinnu, markmiðs- og áætlunargerð sem og mat á innra starfi skólans.

Starfsmannafélagið er mjög öflugt og gerðum við ýmislegt okkur til fróðleiks og skemmtunar. Við stóðum fyrir: Óvissuferð, Pub Quiz, Jólagleði, fjöri í fimleikasal, badminton, fjallgöngum og ýmsum skemmtikvöldum og vogleði með grilli. Í leikskólanum starfar jákvæður og skemmtilegur starfsmannahópur sem er alltaf tilbúinn að fara ótroðnar slóðir.

Leikskólastjóri var í endurmenntun HÍ í vetur á námskeiðinu *Hugur og heilbrigði*. Einnig sat hún samráðsfundi Laugardals og Háaleiti (litla samráð) ásamt því að sækja mastermind fundi leikskólastjóra þar sem 8-10 leikskólastjórar funda og nýta sér jafningjafræðslu þar sem mastermind fundarform er notað. Nokkrir starfsmenn fóru á námskeið í Atferlisfræði hjá Greiningarstöðinni og námskeið hjá Barnaheill vegna Vináttuverkefnis. Allt starfsfólk leikskólans fór á LAL ráðstefnu í Landbúnaðarháskóla Íslands.



2 Innra mat deilda

Á starfsdegi 13. maí var lagður fyrir spurningalisti fyrir starfsmenn hverrar deildar, þar sem mat á áherslum skólaársins 2019-2020 voru lagðar fyrir. Hver deild gerði sitt eigið mat sem má sjá hér fyrir neðan en þær spurningar sem lágu fyrir endurspegluðu og voru unnar út frá vetrinum. Eins og hvernig gekk að halda úti áherslum og markmiðum sem sett voru síðastliðið haust? Hvernig gekk að vera í samstarfi við verkefnastjóra og þau verkefni sem hann hafði fram að færa? Niðurstöður voru þær að allir voru mjög sáttir með starf sitt á deildum miðað við þær truflanir sem áttu sér stað á húsnaði, verkfalli og á Covid-19 tímum.

Kattholt (4-6 ára)

Kattholt er elsta deildin á Austurborg. Á Kattholti í vetur voru 28 börn í byrjun vetrar en fækkaði í 27 börn í febrúar. Búið er að bjóða einu barni að byrja í maí þannig að þau verða aftur orðin 28 börn á deildinni. Deildin var með tvo árganga í vetur og af þeim voru 21 börn fædd 2014 og 7 börn fædd 2015. Kynjahlutföllin voru þannig að stúlkurnar voru í þó nokkrum meirihluta en það voru 21 stúlkur og 6 drengir. Deildarstarfið hefur gengið vel, eitthvað var um mannabreytingar og var deildarstjórinn frá vegna vettvangsnáms í um mánuð. Um miðjan vetur færði einn starfsmaður sig um deild og nýr starfsmaður kom inn á Kattholt.

Leikur að læra starfið gekk mjög vel, en það var í umsjón verkefnastjórans. Hægt var að sjá framfarir hjá barnahópnum þó starfið hafið verið skert vegna framkvæmda og fleira sem raskaði starfið. Íþróttatímarnir sem eru einu sinni í viku gengu einnig mjög vel, börnin fengu að prófa alls kyns íþróttir t.d. steppdans kennslu og jóga svo eitthvað sé upp talið.

Starfið gekk ágætlega og komu foreldraviðtölin mjög vel út. Foreldrar hrósuðu starfsfólki þar sem margt var í gangi, en börnin fengu að finna sem minnst fyrir því. Seinni foreldraviðtölin voru með öðrum máta, en í apríl voru tekin símaviðtöl þar sem ekki mátti bjóða foreldrum inn vegna kórónuvírusar hættu. Viðtölin gengu vel og tóku allir foreldrarnir vel í þessa breytingu.

Samstarf við grunnskólann í hverfinu (Háaleitisskóli Hvassaleiti) og frístundina (Krakkakot) hefur gengið mjög vel með skerðingu vegna ástands. Samstarfið gekk vel og fórum við í heimsóknir til þeirra og þau heimsóttu okkur. Við fengum að fara í smíðakennslu, kennslustund með 1. bekk, 4. bekkur las fyrir okkur og svo fóru 3. bekkingar með okkur í kynningarferð um skólann. Einnig fengum við að koma nokkrum sinnum í heimsókn í frístundina þar sem við annaðhvort fengum að koma að morgni og leika okkur sjálf eða við komum seinni partinn þar sem við lékum við vini okkar sem voru á Austurborg í fyrra. Til að auka ennfremur samstarf hafði ég samband við kennara 1. bekkjar um að leyfa eldri börnunum að koma vikulega í kennslu í söguramma. Þetta fékk mjög góðan hljómgrunn hjá bæði skólastjóra og kennara 1. bekkjar. Ekki tókst að hefja þetta samband um haustið en hugað verður að næsta hausti og undirbúningur er á lokaspretti fyrir það.

Börnin fengu að kynnast menningu Reykjavíkur en við fórum í nokkrar vettvangsferðir í t.d. Ásmundarsafn, Húsdýragarðinn, Bíó Paradís, Þjóðminjasafnið og Árbæjarsafnið. Þessar ferðir gengu mjög vel og vakti mikla lukku barnanna.

Deildarfundir, hafa staðið höltum fæti en öðru hvoru kemur kraftur í að þeir séu haldnir aðra hvora viku, þó var frekar að þeir gleymdust. Mikilvægi þeirra er að halda utan starfshópin og tengjast í starfi. Á þeim fundum sem haldnir voru, var tekið upp málefni barnanna og rædd dýpra. Skipulagning á ferðum og úrvinnsla ferða var líka rædd á þessum fundum.

Í vetur höfum við haldið í morgunfundina með börnunum tvisvar í viku þar sem börnin fá möguleika á að segja frá helginni sinni eða öðru sem þeim býr í brjósti. Einnig höfum við tekið endurmat hjá börnunum og unnið úr þeim úrlausnum sem hægt var að tækla.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur að læra	Gekk mjög vel í byrjun vetrar en fór í hvíld þegar framkvæmdir stóðu yfir. Ekki tókst að hleypa því á lagnir á ný þar sem raskanir í samfélaginu hindruðu það. Verkefnastjóri sá algerlega um þessar stundir.	Setja má einn starfsmann á hverri deild í það að læra með hópnum þessar stundir svo hægt sé að grípa í þegar verkefnastjóri er ekki laus.	Verkefnastjóri LAL er með yfirumsjón yfir verkefninu en vinnur í samstarfi við einn starfsmann hverrar deildar	Sept	Mái	Endurmat er endalaust í LAL þar sem að huga þarf að hópnum og einstaklingum innan hópsins. Það þarf að setja hópna upp eftir getu og svo þarf að finna verkefni sem henta hverjum hóp, þó svo að allir séu að vinna að sama markmiðinu.	Viðmiði er að börnin njóti sín í kennslustundinni. Viðmið kennslunnar eru fyrirfram ákveðin með kennsluáætlun LAL.
Vináttu-verkefnið	Að unnið sé eftir verkefni Barnaheilla um vináttu. Í vetur datt þetta verkefni oft út þar sem enginn var með yfirumsjón yfir því.	Að verkefnið sé unnið í hópstarfsstund um. Einn kennari sér um verkefnið og sér um að skipuleggja.	Deildarstjóri sér um að úthluta verkefninu á einn starfsmann.	Sept	Mái	Endurmat verður tekið á deildarfundum og þá rætt hvað sé að ganga vel og hvað þarf að bæta.	Að börnin læri að setja sig í spor annarra og geti sett orð á eigin félagslegar upplifanir góðar og slæmar
Listasmiðja	Vinna í listasmiðjunni er til þess að börnin nái að kynnst þeim möguleikum sem þau geta nálgast til að skapa eigið verk.	Að sá sem sér um listkennslu fái tíma til að skipuleggja kennslustundina áður en hún byrjar og fái undirbúning til að skipuleggja og ganga frá verkefnum.	Deildarstjóri sér um að úthluta ábyrgðinni á einhvern einn starfsmann sem heldur utan um listsköpun barnanna á deildinni í samstarfi	Sept	Mái	Listasmiðjan var ekki í notkun vegna framkvæmda í nokkra mánuði og takmörkuð vegna annars raskana. Unnið verður að því að festa sess hennar í dagskipulagi.	Að börnin fái að upplifa margbreytileikann innan listsköpunar.



			við deildarstjór a. Ef ekki gengur að fá einn starfsmann þarf að deila ábyrgðinni á nokkar/alla .				
Hópastarf	Hópastarf var lagt upp með að hafa tvisvar í viku og var það yfirleitt gert. Ef það féll upp fyrir þá var það vegna framkvæmda eða annarskonar raskanna.	Að hópastaf verði markvisst tvisvar í viku. Deildarstjóri þarf að deila verkefnum á starfsfólki þannig að hver sér um sitt, þannig verður betur haldið utan um starfið.	Deildarstjóri í skiptir verkefnum á milli starfsmanna deildarinnar.	Sept.	Mái	Endurmat mánaðarlega með börnunum og starfsfólki mánaðarlega. Svo eru deildarfundir nýttir til að fara yfir hópaskiptingu barnanna og verkefni hvers hópstjóra fyrir sig. Hvað gangi vel og hvað þarf að laga.	Að börnin fái víðan skilning á vissum verkefnum. Þau læri að vinna í hóp og taka tillit til hinna sem eru í hópnum. Að hópastarf sé ekki íþyngjandi fyrir starf deildarinnar en að það sé markvisst og skipulagt.
Söngur og lestur bók	Bókalestur var hafður reglulega og vor teknar fyrir léttari bækur fyrir áramót en þyngdar eftir áramót. Lesið var t.d. Emil í Kattholti sem framhaldssaga en áform um frekari framhaldssögur féllu upp fyrir. Hópnum var skipt í tvennt út frá bókum sem lesið var. Söngkennsla gekk mjög vel, lærðu börnin mikið af lögum og við æfðum fyrir barnameningarhátíðina í Hörpunni sem var síðar aflýst. Við munum því nýta þau lög í útskrift barnanna.	Setja sönglagalista mánaðarins upp á vegg svo allir starfsmenn geti nálgast hann. Bókalesturinn má endurskoða út frá bókum og athuga barnahópinn og þeirra áhuga.	Deildarstjóri í samstarfi við starfsfólk deildarinnar.	Alltaf	Alltaf	Endurmat þegar við á.	Að börnin fái áhuga á sögunum og vinni meiri út frá þeim í leik og starfi. Aukinn orðaforði og skilningur á að einkenna bækurnar sem eru valdnar. Þyngd bóka þarf að miða við barnahópinn hverju sinni.



Vinnustaða- heimsóknir	Þetta fór ágætlega af stað og ég fann fyrir miklum áhuga í foreldrahópnum. Nokkrar ferðir voru skipulagðar en féllu svo upp fyrir þar sem ekki var hægt að bjóða uppá heimsóknir á kórónuvírus tímum.	Í byrjun vetrar að kynna verkefnið fyrir foreldrum. Senda svo áminningu þegar á líður og kanna stöðuna.	Deildarstjórn ber aðal ábyrgð á þessu verkefni og að vera í samskiptum við foreldra.	Sept.	Mai	Þetta verkefni þarf bara að endurmeta yfir veturinn eftir þörfum.	Markmiðið með þessu verkefni er að kynna börnum fyrir fjölbreytileika vinnuvettvangsins. Opna augu barnanna fyrir alls konar menningu og stöðum og ekki síst að barnið fái að sýna vinum sínum vinnustað foreldra eða annars foreldris síns.
---------------------------	---	---	--	-------	-----	---	--

Ólátagarður (3-4 ára)

Ólátagarður er næst elsta deildin á Austurborg. Þar eru börn fædd 2015 og 2016. Á Ólátagarði hefur aðal áhersla starfsins verið námsþættir Aðalnámskrár þar sem starfsfólk hefur unnið saman að samþætta þessa þætti. Þeir námsþættir sem við unnum með voru: læsi, lýðræði, hreyfing, jafnrétti, mannréttindi og verk- og listnám. Læsi og hreyfing skipuðu stóran sess í starfi okkar og var að mestu unnið í gegnum hugmyndafræði Leikur að læra, en þar er unnið með nám í gegnum leik og hreyfingu. Í vetur var lögð áhersla á stærðfræði í Leikur að læra, einnig var unnið með stafi, liti, form og rím. Leikur að læra var að jafnaði tvisvar í viku og svo voru einnig foreldraverkefni tvisvar í viku.

Aðstæður hússins þennan vetur voru hreint út sagt ekki góðar til leikskólastarfs. Framkvæmdir riðluðu húsinu hægri vinstri langt fram í nóvember og lokaði þá salurinn sem nýttur er í margskonar starfsemi fram að jólum. Janúar gekk vel og í raun einungis hægt að dæma starfið út frá þeim mánuði þar sem að febrúar fór í verkfall en mars og apríl voru undirlagðir Covid-19 ráðstöfunum.

Þrátt fyrir hreyfinguna sem Leikur að læra felur í sér var einnig lögð áhersla á íþróttir í vetur. Börnin fóru í ýmis konar regluleiki, líkt og hlaupa í skarðið og dimm-a-limm. Markvisst íþróttastarf sem krefst mun meiri hreyfingar en Leikur að læra var sett á fyrir eldri deildir í ár og verður það haldið áfram að vinna með reglubundna hreyfileiki líkt og boðhlaup, stórfiskaleik og þess háttar.

Listasmiðjan var nýtt þegar færi gafst. Einnig voru ýmis munir teknir inn á deild þannig að listrænt og skapandi starf var ekki einungis bundið við listasmiðjuna. Þau fengu tækifæri til að mála með ýmis konar málningu, aðferðum og fengu oft að stýra ferðinni að miklu leyti eftir getu þeirra eða út frá aðstæðum. Til að mynda fengu þau að stimpla með málningu, rúlla, fingramála og gamla góða aðferðin með penslum.

Lestur bóka ásamt söng var uppistaða samverustundanna okkar. Fjölbreytt efni var valið þó svo börnin fengu einnig að blómstra með því að syngja þau lög sem þau þekkja rosalega vel. Valið á bókum var ekki handahófskennt heldur reyndum við að velja viðfangsefni bóka og laga í samræmi við hópastarf þeirrar stundar, grunnþætti menntunar eða árstíðir. Þegar Covid-19 faraldurinn gekk yfir forðuðumst við samverustundir sökum of mikillar næveru barnanna í þeim stundum.

Hópastarfið gekk vel framan af en náði aldrei því flugi sem við stefndum að sökum fyrirnefndra aðstæðna. Við skilgreindum það sem Leikur að læra stundirnar, ferðir, listasmiðja og frjáls leikur. Börnin höfðu gaman af og voru alltaf viljug og reiðubúin að taka þátt í þeim stundum. Börnin höfðu einnig val um þátttöku. Þau voru ekki neydd til neins sem þau voru ekki viljug til að taka þátt í.

Vináttuverkefnið var þó eitthvað sem við stóðum okkur betur í þennan veturinn enda var unnið markvisst að því. Allur leikskólinn er með þetta að markmiði þannig að í vetur var settur verkefnastjóri í málið og þetta gekk mun betur.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
LAL	Héldum áfram að uppfylla kröfur um það starf.	Að þau séu enn tvisvar í viku í LAL stundum.	Jón Arnar Ólafsson var með yfirumsjón fyrir þessu verkefni	Sept	Maí	Verkefnastjóri sér um það og yfirfarið á deildarfundum	Viðmiði er að börnin njóti sín í kennslustundinni. Viðmið kennslunnar eru fyrirfram ákveðin með kennsluáætlun LAL.
Vináttuverkefni	Markmiðið var að koma því verkefni á laggir. Sigga fór með yfirumsjón með því verkefni og sinnti með börnunum alla föstudaga þegar húsrúm leyfði.	Að hefja starfið af krafti. Verkefnastjóri sá um þetta verkefni og var með vináttustundir alla föstudaga.	Sigga Björk sá um þetta verkefni	Sept	Maí	Verkefnastjóri hafði yfirumsjón þessu verkefni og farið yfir á deildarfundum	Að börnin læri að setja sig í spor annarra og geti sett orð á eigin félagslegar upplifanir hvort sem þær eru góðar eða slæmar.
Hreyfing	Að hafa markvissa hreyfingu fyrir börnin	Þetta var sett af stað í vetur og verður unnið með áfram næsta vetur.		Sept	Maí	Farið yfir vikulega og metið hvort þurfi að bæta í hreyfinguna eða ekki með deildarstjóra	Að börnin hreyfi sig markvisst, fái þá hreyfingu sem þau þurfa.
Söngur og lestur bóka.	Ætluðum okkur að vera duglegri að fletta saman viðfangsefni	Þetta gekk vel þegar starfið náði sínu striki. Unnum á tímabili	Sameiginleg Ábyrgð sem Unnur þó leiddi enda bókasafns-	Sept	Maí	Endurmat þegar við á.	Að börnin fái áhuga á sögunum og vinni meiri út frá þeim í leik og



	bókanna sem við lássum og laganna sem við sungum við þau verkefni sem unnið var með inn á deildinni hverju sinni	með fuglamyndir, sungum fuglalög og lássum bækur um fugla svo dæmi séu nefnd.	vörður skólans.				starfi. Unnið út frá bókunum með því að spyrja börnin út í bækurnar.
Hópastarf	Hópastarfið í janúar (þegar við náðum í raun að sinna því) var gott og skipulagt. hafði skýrt upphaf og börn stýrðu endapunktinu m að mestu leit.	Samræmdum betur og settum okkur það að hafa skýrt vinnuframlag. Tókst vel að gera heilrænt starf í janúar	Rannveig fór fyrir þessu og skilaði vel.			Farið yfir vikulega og yfirfarið þegar þörf er á.	Að börnin fái skilning á vissum verkefnum. Þau læri að vinna í hóp og taka tillit til hinna sem eru í hópnum. Að hópastarf sé ekki íþyngjandi fyrir starf deildarinnar en að það sé markvisst og skipulagt.

Bangsaland (2-3 ára)

Á Bangsalandi eru samtals 24 börn fædd 2017 og 2016. Bangsaland er næst yngsta deildin á Austurborg og fluttust 3 starfsmenn með börnum yfir á Bangsaland. Þegar við fluttum yfir var deildin ekki tilbúin vegna framkvæmda á húsnæðinu og því þurftum við að nota útganginn á Putalandi til að fara inn og út af deildinni. Við fengum loks deildina að fullu og þá tók við aðlögun á nýjum börnum, en alls urðu þau 9 talsins. Hún gekk vel en alltaf áskorun að leiða saman ný börn og gera hópinn samrýndan og samskiptin góð. Okkur hefur tekist vel til og hópurinn flottur, en þó hefur margt verið í gangi svo sem verkfall, Covid-19 og lokað vegna veðurs svo eitthvað sé nefnt. Starfið hefur því markast af þessu og við gripið þær stundir sem gefast og farið í Leikur að læra stundir, verið með útikennslu og gönguferðir eftir því sem kostur gafst. Helstu áherslur vetrarins voru að gera börnin betri í sjálfshjálp, allir hættir á bleyjum og farnir að geta gert svo mikið sjálf. Innlögn á stöfum og lestur bóka auk þess sem tölustafir komu inn. Helstu afstöðuhugtök og fjöldi lagður inn hjá þeim svo eitthvað sé nefnt.

Salurinn var nýttur eftir kostum og hreyfing þar í skipulögðu starfi auk þess sem listasmiðja var nýtt eftir kostum. Ef ekki var hægt að nota hana vorum við dugleg að taka inn á deild þann efnivið sem þurfti til vinnslu verkefna. Hópastarf var háttað þannig að deildinni var skipt upp í 4 hópa með 6 í hóp og unnum við oftast með LAL verkefni í hópastarfi. Einnig vorum við með rúllandi stöðvar þar sem hópar gengu á milli verkefna.

Við erum með vináttuverkefni þar sem unnið er með vináttuna og að vera góð hvort við annað. Kennsluefnið er líka mikið um hreyfingu og notuðum við það oft í samverustundum og í lok dags þar sem allir dansa saman eftir lögunum sem fylgja efninu.

Lubbi var líka notaður og erum við búin að vinna með hann síðasta ár og eru börnin orðin vön verkefnavinnu út frá Lubba. Einnig eru þau orðin fær í bókstöfum foreldra sem og stafi annarra á deildinni.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur að læra	Að barnið geti unnið í hóp og tekið þátt í verkefnum sem lögð eru fyrir í gegnum leikin	Bönum er skipt í hópa eftir aldri og getu og stundirnar inni í skólastundarskrá fast 2x í viku	Magga Kim Snæbjörn Sigrún	Okt 2019	maí 2020	Barnið er metið hvort framfari sáu eðlilegar miðað við þroska og aldur barnsins	Að barnið njóti stundarinnar og leikur með af gleði og áhuga
Salurinn	Að auka hreyfifærni barnsins og hjálpa þeim sem virðast slaki í einhverju	Að hjálpa þeim að sigrast á hindrunum þol og þrekleikjum	Magga Kim Snæbjörn Sigrún	2019- 2020	2019- 2020	Deildarstjóri metur stöðuna Málin rædd á deildarfundum	Auka þroska þol og þrek
Listasmiðja	Að barnið kynnist ýmsum efnivið og læri að meðhöndla hann og finna leiðir til að skapa úr verðlausum efnivið	Að barnið geti notað efniviðinn á margan hátt	Kim Magga Sigrún Snæbjörn	Ágúst 2019	Maí 2020	Deildarstjóri metur stöðuna	Að allir fái að springa út sem listamenn
Útikennsla	Oft farið út með verkefni í LAL og stærðfræði auk gönguferða um nágrennið	Mættum fara oftar og hafa efnivið kennslunnar dýpri	Kim Magga Sigrún Snæbjörn	2019- 2020	2019- 2020	Verkefnið er í sífelldri endurskoðun og hver stund nýtt til að vinna að verkefninu	Efla skilning og bæta þroska í gegnum skemmtilegan leik þar sem allir fá að njóta sín.



Putaland (1-2 ára)

Putaland er yngsta deildin á leikskólanum Austurborg og eru börnin þar fædd frá maí 2017- nóvember 2018. Til að byrja með voru 18 börn á Putalandi, sú tala fjölgaði fljótt um einn í 19 og endaði í 20 börnum í mars 2020 sem verður að teljast mikill fjöldi fyrir yngstu deild. Á Putalandi er aðlögun inn í leikskólann að hausti til og flest börn að byrja leikskólagöngu. Aðlögunin þetta árið gekk ágætlega en dróst aðlögunin þó nokkuð og má segja að það hafi ekki verið fyrr en á nýju ári, að börnin voru komin í sinn þægindaramma og aðlöguninni formlega lokið. Barnahópurinn var mjög breiður og fjölbreyttur og í því skyni voru 7 eins árs börn, sem þurftu mikið að vera á handlegg, 3 börn með annað tungumál heldur en íslensku og 2 börn strax komin með stuðning. Að lokum féll allt í góðan farveg og börn sem og starfsmenn hafa náð að njóta sín.

Á Putalandi er lögð rík áhersla á að börnum líði vel og kynnist sem best leikskólanum. Þegar aðlögun er á enda og börnin orðin róleg og sátt er hægt að hefja skipulagt starf og vinna eftir Aðalnámskrá. Á Putalandi erum við með einfaldar reglur og lærum samskipti okkar á milli og að vera í hóp. Leikur barnanna er góður og á árinu tekið miklum og góðum breytingum. Eftir því sem leið á árið var lögð meiri áhersla á sjálfstæði barna. Þar má nefna að börn tóku þátt í að taka saman inni á deild, reyndu alltaf að klæða sig sjálf í, gengu frá eftir sig við matarborðið ásamt því að hætta með bleyju.

Árið gekk ekki hnökralaust fyrir sig en með tilliti til aðlögunar, framkvæmda í leikskóla, verkfalls og veirufaralds hefur skipulagt starf Putalands fengið að sitja restina. Þegar tækifæri gafst til að hafa hópastarf gekk það vel en unnið var með 4 hóp þar sem sami hópur fór á milli og vann stutt verkefni og skipti síðan um stöð með reglulegu millibili. Í hópastarfi var áhersla á kennsluáðferðina Leikur að læra, vináttuverkefni, listasmiðju og íþróttir.

Leikur að læra stundirnar voru fáar þetta árið í ljósi aðstæðna en jukust strax upp úr febrúar. Þegar LAL stundir áttu sér stað var deildin vel nýtt og settar upp einfaldar brautir sem reyndu á jafnvægi og þol. Það sem var helst tekið fyrir í Leikur að læra stundunum voru litirnir, talning, form, stafir og dýrin. Foreldraverkefnin þar sem foreldrar framkvæma lítið verkefni með barni sínu sat alveg á hakanum þetta árið. Þrátt fyrir skort á LAL stundum tvinnast þekking á til dæmis litum, talningu og dýrum í leik og annað starf deildarinnar.

Putaland vinnur með vináttuverkefnið og eru börnin mjög hrifin af því. Ný taska fyrir yngri börn er komin inn á deild sem hefur reynst okkur vel sem og að verkefnastjóri leikskólans sótti námskeið og miðlaði þekkingu sinni áfram. Þrátt fyrir það mættu vináttuverkefnin vera markvissari og skipulagðari en í ljósi aðstæðna var það erfitt þetta árið. Með vináttuverkefninu fylgja lög sem fjalla um vináttu og hafa þessi lög slegið í gegn inni á Putalandi. Í byrjun leikskólagöngu sinnar fá öll börn afhendan bangsa sem fylgir vináttuverkefninu, börnin hafa mjög gaman af sínum bangsa og er hann geymdur í veggteppi þar sem hvert barn á sinn vasa með mynd af sér og er hann alltaf aðgengilegur fyrir þau.

Þegar salur leikskólans opnaði eftir framkvæmdir fór Putaland til að byrja með í sal leikskólans einu sinni í viku í skipulagða hreyfistund þar sem börnin fengu hámarks hreyfingu. Seinna eftir áramótin tók skipulag salsins breytingum og sá verkefnastjóri alfarið um stundir inni í sal og tók fyrir jóga. Börnin tóku misvel í jógað og var það mat starfsmanna Putalands að börnin væru full ung fyrir þessar stundir og almenn hreyfing væri meira við hæfi. Börnin elskuðu þrautabrautir, bolta og kollhnísa.



Listasmiðjan var vel nýtt af Putalandi þar sem var málað og fönðrað með hinum ýmsu aðferðum. Þó að við hefðum ekki listasmiðjuna stoppaði það okkur ekki og við máluðum og fönðruðum mikið inni á deild. Ýmis þemu var unnið með í fönðri og tókum við fyrir íslensku húsdýrin sem kom mjög vel út. Eftir því sem leið á veturinn var fönðrið meira krefjandi eins og klipp og lím.

Á Putalandi eru alltaf bækur í þeirra hæð og börnin gátu alltaf nálgast þær. Við lesum mikið fyrir börnin og syngjum með þeim. Við reynum að tákna sem mest þegar við syngjum. Samverustundir eru tvisvar á dag þar sem við erum að læra að sitja kyrr, hlusta og syngja saman. Við spjöllum oft um lögin sem við erum að syngja og segjum sögur í kringum lögin.

Útiveran á Putalandi var mikil og góð, að jafnaði var alltaf farið út að leika þegar veður og loftgæði leyfðu. Ásamt því vorum við nokkuð dugleg að fara í ferðir í okkar nærumhverfi, þar á meðal á bóksafnið og róluvelli.

Þegar litið er yfir veturinn 2019 – 2020 má sjá að það sem stendur upp úr er listsköpun, útivera, hreyfing, skráningar og vináttuverkefnið. Það sem að gerði þessa vinnu fram yfir annað auðveldara var að starfsfólk deildarinnar hefur mismunandi áhugamál og því fengu allir starfsmenn að vinna með það sem þau eru best í. Það sem að gerir gott starf er gott samstarf á milli starfsmanna og hafa starfsmenn deildarinnar unnið mjög vel saman, þó ólíkir séu.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
LAL	Barnið kunni og þekki líkams-parta, liti, talningu, form, íslensk dýr og sinn bókstaf	Unnum í hópastarfi með 4 hópum, aldurskipting. Á góðri viku voru tvær LAL stundir. En vegna hnökra komu vikur án LAL stunda.	Deildarstjóri (Elsa) er ábyrgðaraðilli leva og Guðrún Katrín sjá um framkvæmdina	Hófst í byrjun janúar 2020.	Lok maí 2020	Deildarstjóri metur stöðuna og framfarir barnanna. Elstu börnin náðu nokkuð góðum tókum á þessu en yngri ekki alveg. Mjög fjölbreyttur barnahópur.	Að börnunum líði vel og njóti stundanna en á krefjandi og lærdómsríkan hátt
Vináttuverkefni	VINÁTTU-VERKEFNI	Markmiðið er að börnin læri að umgangast hvort annað og hlusta á og lesa í tilfinningar	Unnum í hópastarfi með 4 hópum, aldurskipting u. Oft tekið fyrir í	Deildarstjóri (Elsa) Verkefnastjóri (Sigga Björk)	Hófs í ágúst 2019	Lok í maí 2020	Deildarstjóri og verkefnastjóri meta stöðuna og framfarir barnanna.



		hvors annars með samræðum og söng.	samverustund um eða þegar laus tími gafst. Mikið dansað og sungið saman.				
Hreyfing	Hafa fjölbreytilegar íþróttastundir sem ýta undir almennan áhuga á hreyfingu. Fá börnin út sínum þægindaramma, auka fínhyringar og þor	Unnum í misstjórum hópum sem fór inn í sal í skipulagða stund. Ásamt því að vera með stutta íþróttastund inn á deild.	Deildarstjóri (Elsa) Tryggvi og Aron Í lokin verkefnastjóri (Sigga Björk)	Hófst í ágúst 2019	Lok í maí 2020	Deildarstjóri og verkefnastjóri meta stöðuna og framfarir barna	Að börnin læri að fara eftir fyrirmælu m. Að þau fái að upplifa hvað þau geta og að upplifa sig á því sem þau þora ekki.
Söngur og lestur bóka.	Að börn njóti sín í samverum. Taki þátt og læri ný lög. Ásamt því að njóta þess að hlutsa á og fylgjast með lestri bóka.	Að jafnaði eru tvær samverustundir á dag þar sem sungið er lög með hreyfingum og lesið bækur. Höfum líka haft lestrastundir þar sem allir eru að skoða/lesa bók og síðan skiptast allir um bók. Bækur er aðgengilegar í bókahilli í hæð barnanna.	Allir starfsmenn Putalands í sameiningu.	Hófst í ágúst 2019	Lok í maí 2020	Deildarstjóri metur stöðuna og framfarir barnanna. Passa að hafa bækur sem henta aldri.	Að börn sýni áhuga á söngi og lestri bóka. Geti og vilji lesa bók eða syngja með.
Hópastarf	Að börnin njóti sín og læri að takast á við margbreytilegan efnivið	Unnið hópastarfið í 4 hópum sem fóru á milli stöðva og leystu	Deildarstjóri (Elsa) Samstarf allra á deildinni	Hófst í ágúst 2019	Lok í maí 2020	Deildarstjóri metur stöðuna og framfarir barnanna.	



